

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	23.5.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óskarsgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Bryndís Guðjónsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit er varða að opin niðurföll var að finna í efnageymslu við hlið verksmiðjunnar og að efnamælingar við viðtaka voru ekki framkvæmdar árið 2023 eins og krafa er um í starfsleyfi. Ein ábending var sett fram um að niðurstöður frá rannsóknarstofu vegna mælinga í viðtaka voru ekki sendar til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða kítín- og kítósanframleiðslu Primex ehf., Siglufirði. Verksmiðjan hefur heimild til að hreinsa kítín (skel) úr aukaafurðum rækjuvinnslu og til framleiðslu á kítósan úr kítíninu, allt að 500 t á ári.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið sem gildir til 3. júní 2031. Minnt var á skiladaga skv. því og þær skyldur sem í starfsleyfinu felast. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2022 og engin ábending var sett fram. Rekstraraðili hugðist sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, vegna framleiðslu á sýru og sóða til eigin nota en hefur fallið frá því að svo stöddu. Nýr tengiliður er skráður og er nú Bryndís Guðjónsdóttir.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það út fyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti, nema hvað varðar að snyrtivöruframleiðslan er að aukast. Rætt var um skráningar í Grænu bókhaldi er varðar efnanotkun en vegna hagstæðari innkaupa eru efni keypt í stærri einingum og því er munur á efnakaupum á milli ára í bókhaldinu. Í síðasta eftirliti var rætt um mikilvægi þess að allri rækjuskel sem fellur til í landinu væri komið til rekstraraðila því verksmiðjan getur tekið á móti öllu því sem til fellur af skel hér við land. Borið hafði á því að skelinni væri fargað í hafnir landsins en það virðist vera komið í lag og skelin berst nú reglulega til rekstraraðila. Verksmiðjan er öll keyrð á rafmagni en olíuketill er til staðar og er hann einungis notaður sem varaafstöð, síðast árið 2019.

Geymsla og blöndun á sýru og sóða er með sama hætti og verið hefur. Enn er stefnt á eigin framleiðslu sýru og sóða í framtíðinni en það hefur verið sett á bið. Minnt er á að til þess að geta hafið framleiðslu á þeim efnum þarf að koma til breyting á starfsleyfinu.

pH mælingar ganga vel og er meðaltal hvers tíma reiknað út á mánaðarskjölum. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila afrit af skjölum fyrir júní og september 2023 og febrúar og mars 2024, að ósk eftirlitsaðila og voru gildi þeirra mælinga innan marka gr. 2.9 í starfsleyfi.

Engar breytingar hafa verið gerðar á frárennslinu, eða frárennislögninni en minnt er á að skoða skal umhverfi frárennslis á 3ja ára fresti skv. gr. 5.2 í starfsleyfi og skal það gert nú í ár.

Mælingar á viðtaka voru síðast gerðar í apríl sl. skv. gr. 5.1 í starfsleyfi. Niðurstöðurnar mælinga fyrri ára eru skráðar í Grænu bókhaldi rekstraraðila en mæling var ekki gerð árið 2023 og er því um frávík að ræða þar sem krafa er um árlegar mælingar í viðtaka. Gerð er ábending um að frumniðurstöður mælinganna fylgdu hvorki Grænu bókhaldi né ársyfirliti. Niðurstöðurnar voru sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu, fyrir árin 2021, 2022 og 2024. Fara þarf yfir sýnatökupunkta og skilgreina betur bakgrunnsstöð skv. gr. 5.1 í starfsleyfi þar sem núverandi bakgrunnsmæling er beint úr frárennsliverksmiðjunnar og gefur ekki bakgrunnsniðurstöður heldur hæstu mögulegu gildi svífefna og TOC frá framleiðslunni. Rekstraraðili er hvattur til að senda inn tillögu að sýnatökustað fyrir bakgrunnsmælingu.

Enga lyktarmengun var að finna frá verksmiðjunni, hvorki við húsvegg né í nágrenni verksmiðjunnar. Hávaðamæling skv. gr. 3.2 í starfsleyfi var gerð árið 2020 og var hæsti toppur 64 dB og jafngildið 55 dB sem er innan marka reglugerðar 724/2008 um hávaða, en miðað er við 70dB við húsvegg á iðnaðar- og athafnasvæðum. Minnt er á að næst skal gera mælingu á hávaða árið 2025.

Minnt er á að uppfæra þarf áætlanir skv. gr. 1.6 og 4.5 í starfsleyfi. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Öryggisblöð eru til staðar og skráningar eru unnar og vistaðar í rafrænum grunni rekstraraðila.

Gengið var um verksmiðjuna og efnalager í geymslurými við hlið verksmiðjunnar. Móttaka skeljar, sýru og basarými og lóð voru skoðuð. Umhverfið var snyrtilegt á að líta og engin merki um skeljaúrgang eða annan óæskilegan úrgang við móttökurými utandyra.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 2.1 í starfsleyfi	Ekki skulu vera opin niðurföll í efnageymslu. Í efnageymslu í húsnæði við hlið verksmiðjunnar eru efni (klór, saltsýra, peroxýð, ediksýra) geymd þar sem opin niðurföll eru til staðar og er rekstraraðila bent á að gera úrbætur á því sem allra fyrst.
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal einu sinni á ári gera efnamælingar í viðtaka. Mælingar árið 2023 voru ekki gerðar í tíma og er því skráð frávík þar um. Mælingar voru ekki gerðar fyrr en í apríl 2024.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að niðurstöður frá rannsóknarstofu vegna mælinga í viðtaka þurfa að berast eftirlitsaðila með Grænu bókhaldi eða ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Niðurstöður mælinganna komu fram í Grænu bókhaldi en frumgögn vantaði.

ANNAÐ


Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var meðfylgjandi kynning á breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærri hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.06.2024



Guðbjörg Stella Árnadóttir

